

fjarðar sýslu verið veitt lán það, er um var beðið, og verður feð tekið inn í fjárukalög konungsríkisins. Dómsmálastjórnin hefur síðan hlutast til um, að keyptar væru og sendar til sýslunnar vörur þær, sem til eru greindar á skrá þeirri, er með fylgir, en það eru 300 tonn af rúgi, 150 tonn af banka- byggi og 150 tonn af baunum; fara vörur þessar nú með skipinu „Elinna“, er Siwertz skipstjóri ræður fyrir, og verða lagðar upp í Hofsós, svo þeim síðan verði úthlutað eptir fyrir- sögn yfirvaldsins.

Verð það, sem greitt hefur verið fyrir vörur þessar, eru 8 rd. fyrir rúgtunnuna, 11 rd. fyrir tunnu af bankabyggi og 9 rd. fyrir tunnu af baunum; en það er samtals 5400 rd.; innibindur verð þetta bæði kaupverðið á vörunum og allan kostnað, er leiðir af flutningi þeirra til Íslands og úthlutun; og má því láta hlutadeigandi sveitir eður einstaka menn fá þær við þessu verði.

Þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjárukalögin, mun yður, herra kammerráð, verða tilkynnt, hve langur borgunarfrestur sé veittur með lán þetta, og hverjum skilmálum það að öðru leyti verði bundið.

Að endingu sé yður falið það á hendur, eptir nákvæmari fyrirmælum amtmanns, að ákveða hvernig úthluta skuli kornvörum þessum, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þér, svo sem vera ber, látið yður annt um að þeim verði úthlutað með sem mestri nærgætni verða má, svo tilganginum verði fullnægt; eruð þér og beðnir að senda með skipinu aptur vottorð yðar um það, að vörurnar hafi komið til skila, og seinna meir nákvæma skýrslu um, hvernig þeim hafi verið varið.

#### 44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun til sýslumanna fyrir ferðir í kláðamálinu.

Eptir reikningi þeim og fylgiskjali, sem er með bréfi þessu, hefur sýslumaðurinn í Árnes sýslu heimtað 54 rd. í borgun fyrir

1859.  
11. október.

14. október.

1859. ferðir sínar og annað þess konar til að koma fram böðun fjár-  
 14. október. ins til varnar mót kláðasýkinni í nokkrum hreppum í sýslunni.  
 Hinir konunglegu erindsrekar, Tscherning, prófessor, og Jón Sigurðsson, skjalavörður, hafa sent hingað reikning þenna, og getið þess um leið, að það hafi komið til íhugunar hvort sýslumenn almennt ættu heimting á endurgjaldi fyrir ferðir sínar, er þeir tækjust á hendur til að koma fram þeim ráðstöfunum, er miða til að eyða fjárkláðanum; en með því erindsrekarnir ekki hafa viljað færast í fang að ráða sjálfir máli þessu til lykta, hafa þeir skotið því til úrlausnar stjórnarinnar.

Stjórninni þykir nú sem stendur ekki ástæða til að leggja úrskurð á þá hina almennu spurningu er hér ræðir um, þareð það hlýtur að vera komið undir því, hvernig ástatt er í sérhvert skipti, hvort málinu er þannig varið, að endurgjald beri að veita. En það tilkynnist yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmdar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að eptir málavöxtum er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að borgun sú, sem áður er um getið, sé greidd Guðmundsen kammerráði úr jarðabókarsjóði Íslands af fê því, sem til er greint í 22. tölulið í 14. gr. fjárhagslaganna.

14. október. **45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort greiða megi til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði amtsins skaðabætur fyrir niðurskurð.**

Þér hafid, herra stiptamtmaður, í bréfi 7. f. m. beðið um leyfi stjórnarinnar, til að mega greiða til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 150 ríkisdali til Jóns bónda Þórðarsonar á Svínhaga, í skaðabætur fyrir niðurskurð á kláðasjúku og grunuðu fê, er fram fór hjá honum árið 1857 að tilhlutun sýslumanns, og skyldi síðan sjóðnum endurgjaldast þetta aptur af Rangárvalla sýslu.

Í þessu efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður